



■ Allra best



Myndlist

Birgir Andrésson: Eins langt og augað eygir. Kjarvalsstaðir

Við hér á Fréttablaðinu eigum við vart orð yfir hrifningu okkar á sýningu á verkum Birgis Andrés-sonar á Kjarvalsstöðum. Árið er rétt að hefjast en við veðjum samt á að þetta sé myndlistarsýning ársins. Sýningin, sem ber titilinn Eins langt og augað eygir, nær yfir svo að segja allt húsið og er einstaklega skemmtilega upp sett. Verk Birgis einkennast af hómor og hugmyndaríki og næmri tilfinningu fyrir því óvenjulega. Sýningin stendur fram í maí og þið megið alls ekki missa af henni. ■



Bækur

Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda í Laugardal

Hinn árlegi Bókamarkaður er hafinn. Þar eru bækur fyrir alla þannig að enginn sem gengur inn á að fara erindisleysu. Við mælum með að fjölskyldan fari saman og gert verði sérlega vel við börnin og þeim leyft að fara heim með fangið fullt af bókum. Þau munu minnst þessar heimsóknar með mikilli gleði. Gleymum því ekki að það er göfugt verk að leggja sitt af mörkum til að gera börn að bókasöfnurum og áhugasömum lesendum. Bókamarkaðurinn stendur til 13. mars og opið er frá klukkan 10 til 21 alla daga. ■